Kennarar í félagsfræði og starfsfólk deildarskrifstofu

Kennarar í félagsfræði hafa aflað sér menntunar víða um heim og eru sérhæfðir í ýmsum greinum félagsfræðinnar. Á heimasíðum lektora, dósenta og prófessora eru upplýsingar um helstu rannsóknarviðfangsefni þeirra og birtingar.

Lektorar, dósentar og prófessorar

Dr. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor
Dr. Helgi Gunnlaugsson, prófessor
Dr. Ingólfur V. Gíslason, dósent
Dr. Jón Gunnar Bernburg, prófessor
Dr. Sigrún Ólafsdóttir, prófessor
Dr. Stefán Hrafn Jónsson, prófessor
Dr. Stefán Ólafsson, prófessor
Dr. Thamar Melanie Heijstra, lektor
Dr. Viðar Halldórsson. lektor
Dr. Þorbjörn Broddason, prófessor emeritus
Dr. Þórólfur Þórlindsson, prófessor emeritus

Starfsfólk deildarskrifstofu

Brynhildur Lilja Björnsdóttir, MS, deildarstjóri
Jóhanna Vernharðsdóttir, MS, verkefnisstjóri

Aðjúnktar

Helga Ólafs Ólafsdóttir, Ph.D. nemi
Rannveig Þórisdóttir, MA
Dr. Tómas Bjarnason

Stundakennarar

Arnar Eggert Thoroddsen, Ph.D. nemi
Ágúst Mogensen, MA
Ásta Jóhannsdóttir, Ph.D. nemi
Dr. Ásta Snorradóttir
Dr. Jón Óttar Ólafsson
Jónas Orri Jónasson, MA
Dr. Kjartan Páll Sveinsson, nýdoktor
Dr. Kolbeinn Hólmar Stefánsson
Margrét Lilja Guðmundsdóttir, MA
Ragnar Karlsson, Ph.D. nemi
Dr. Rúnar Vilhjálmsson, prófessor
Snorri Örn Árnason, MA
Sólrún Sigvaldadóttir, MA

Mynd af kennurum
Frá vinstri: Ásta Jóhannsdóttir, Helgi Gunnlaugsson, Stefán Hrafn Jónsson, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Thamar Melanie Heijstra, Jón Gunnar Bernburg, Helga Ólafs Ólafsdóttir, Stefán Ólafsson, Ingólfur V. Gíslason, Kjartan Páll Sveinsson, Viðar Halldórsson

Skrifstofa Félags- og mannvísindadeildar · Gimli v/Sæmundargötu · 101 Reykjavík · sími: 525 5444 · fom@hi.is · www.felagsogmannvis.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDADEILD

Úzgeið: Reykjavík, febrúar 2016 / Hönnun: 112 hönnun ehf.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDADEILD

Diplómanám, MA- nám og Ph.D nám

Framhaldsnám í félagsfræði við Háskóla Íslands er fjölbreytt, áhugavert og krefjandi. Markmið námsins er að þjálfa nemendur í félagsfræðilegri hugsun, öflun og meðhöndlun gagna, hagnýtingu rannsókna, fagmennsku og sjálfstæðum vinnubrögðum. Á MA stiginu eru í boði nokkrar námsleiðir, eftir því hvort nemendur vilja takast á við fræðilegt eða hagnýtt nám. Allar MA námsleiðir eru í senn hagnýtt nám og góður undirbúningur fyrir doktorsnám á sviði félagsfræði og tengdra greina, bæði hér á landi og erlendis. Þá eru styttri námsleiðir í boði sem veita diplómagráðu á tilteknum sviðum. Í doktorsnámi í félagsfræði fá nemendur þjálfun í sjálfstæðum vísindastörfum og háskólakennslu.

MA nám í félagsfræði (120e)

MA nám í félagsfræði er tveggja ára fræðilegt rannsóknarnám. Markmið námsins er að nemendur tileinki sér þekkingu á áhugasviði sínu og fái góða þjálfun í sjálfstæðum akademískum vinnubrögðum. Á fyrra árinu taka nemendur námskeið í rannsóknaraðferðum og almennum kenningum auk þess sem þeir geta valið að taka námskeið um ýmis sérsvið bæði innan deildar og utan. Á seinna árinu velja nemendur rannsóknarefni og vinna umfangsmikið (40e eða 60e) MA verkefni undir leiðsögn kennara.

MA nám með áherslu á margbreytileika (120e)

Í náminu fá nemendur fræðilega þekkingu á margbreytileika, fjölmenningu og tengdum viðfangsefnum svo sem fólksflutningum, þjóðerni, kynþáttahyggju, kynjafræði, aðlögun og samþættingu. Í fyrri hluta námsins taka nemendur námskeið í rannsóknaraðferðum og almennum kenningum auk þess sem þeir taka námskeið á sviðum sem snúa að fjölbreytileika. Í seinni hluta námsins vinna nemendur (40e) MA verkefni undir leiðsögn kennara. Líkt og í MA námi í félagsfræði er markmið námsins að nemendur tileinki sér þekkingu á áhugasviði sínu og fái góða þjálfun í sjálfstæðum akademískum vinnubrögðum.

Inntökuskilyrði í ofangreindar MA námsleiðir er BA-, B.Ed-, BS-próf með fyrstu einkunn eða sambærilegt háskólapróf. Hafi nemandi ekki grunn í félagsfræði kann að vera gerð forkrafa um að nemandi taki námskeið aukalega í kenningum og aðferðafræði.

MA nám í aðferðafræði (120e)

MA nám í aðferðafræði felur í sér markvisst nám í aðferðafræði og fjölbreyttum rannsóknaraðferðum félagsvísinda (sjá nánar um MA nám í aðferðafræði á heimasíðu félagsfræðinnar). Markmið námsins eru að nemendur fái fræðilega og hagnýta þekkingu á aðferðafræði félagsvísinda, kynnist helstu rannsóknaraðferðum (t.d. spurningalistakönnunum, viðtölum, athugunum á skráðum gögnum) og fái haldbæra þekkingu og reynslu af rannsóknarvinnu. Í fyrri hluta námsins taka nemendur fjölbreytt námskeið í aðferðafræði og rannsóknaraðferðum auk valnámskeiða á áhugasviðum sínum. Í seinni hluta námsins vinna nemendur (30e) MA verkefni undir leiðsögn kennara. Námið er í hagnýtt og nýtist mjög vel í atvinnulífinu en er jafnframt góður grunnur fyrir doktorsnám í félagsvísindum, heilbrigðisvísindum og öðrum greinum.

Inntökuskilyrði í MA nám í aðferðafræði eru þau sömu og í MA nám í félagsfræði. Að auki er gerð krafa um að nemendur hafi lokið eftirfarandi námskeiðum eða sambærilegum: FÉL204G Aðferðafræði: Rannsóknaraðferðir félagsvísinda og FÉL306G Tölfræði I.

Diplomanám (30e)

Hægt er að taka diplómanám til 30 eininga að loknu BA-, B.Ed-, BS– prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Diplómanám er einkum ætlað þeim sem ekki eru tilbúnir að fara í MA nám (eða sem uppfylla ekki kröfur um fyrstu einkunn í grunnnámi) en vilja fara í stutt hagnýtt nám á tilteknum sviðum. Námið getur einnig gegnt hlutverki endurmenntunar fyrir þá sem eru á vinnumarkaði. Loks getur góður námsárangur í diplómanámi fullnægt skilyrðum til að komast í MA nám í félagsfræði. Diplómanámið er metið að fullu inn í allar MA námsleiðir í félagsfræði.

Í boði eru eftirtaldar þrjár námsleiðir í diplómanámi:

Diplómanám í afbrotafræði

Markmið diplómanáms í afbrotafræði er að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu á sviði afbrota og frávikshegðunar. Fræðilegar skýringar á eðli og umfangi afbrota eru greindar og sjónum beint að þeim aðilum sem hafa með meðferð og afgreiðslu hegningarlagabrota í stjórnkerfinu sjálfu að gera, s.s. lögreglu, ákæruvaldi og fangelsiskerfi.

Skyldunámskeið:

- Kenningar í afbrotafræði (10e)
- Sakfræði og löggæslukerfið (10e)

Að auki eitt valnámskeið á meistarastigi (10e)

Diplómanám í rannsóknaraðferðum félagsvísinda

Markmið diplómanáms í rannsóknaraðferðum félagsvísinda er að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu á sviði rannsóknaraðferða og aðferðafræði félagsvísinda.

Skyldunámskeið:

- Aðhvarfsgreining (10e)
- Rannsóknaraðferðir félagsvísinda (10e)

Að auki eitt valnámskeið á meistarastigi (10e)

Diplómanám í stjórnun atvinnulífs og velferðar

Markmið diplómanáms í stjórnun atvinnulífs og velferðar er að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu á sviði vinnumarkaðar, skipulagsheilda og velferðarmála. Sjónum er beint að nýjum áskorunum, bæði hnattrænum og staðbundnum, og mögulegum viðbrögðum við þeim.

Skyldunámskeið:

- Hnattvæðing, atvinnulíf og margbreytileiki (10e)
- Stjórnun atvinnulífs og velferðar (10e)

Að auki eitt valnámskeið á meistarastigi (10e)

Doktorsnám í félagsfræði (210e)

Markmið doktorsnáms í félagsfræði er að veita nemendum þjálfun í sjálfstæðum vísindalegum vinnubrögðum og búa þá undir vísindastörf og háskólakennslu. Doktorsnámið er 210 einingar, 180 einingar í doktorsritgerð og 30 einingar í námskeiðum. Til viðbótar er hægt að gera kröfu um að doktorsnemi taki allt að 60 einingar í námskeiðum í samráði við leiðbeinanda sé talin þörf á frekari undirstöðuþekkingu í félagsfræði og á efnissviði doktorsritgerðarinnar. Hafi nemandi tekið allt fyrra háskólanám hér á landi, skal hann taka að lágmarki sem nemur einni önn við erlendan háskóla.

Jónas Orri Jónasson, sérfræðingur hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. MA í félagsfræði.

„Starfið mitt felur m.a. í sér að vinna með ólík gögn og gera þau aðgengileg fyrir aðra. Námið í félagsfræðinni hefur nýst mér sérstaklega vel við úrvinnslu og miðlun þessara ólíku gagna, þar sem mikil áhersla er á þjálfun í rannsóknaraðferðum og aðferðafræði í meistaranáminu. Eins nýttist það vel að geta valið um afbrotafræðinámskeið sem féllu vel að mínu áhugasviði og hafa komið að góðum notum í starfi.“

Anna Lilja Karelsdóttir, sérfræðingur á Gagnasöfnunardeild hjá Hagstofu Íslands. MA í félagsfræði.

„Námið í félagsfræði við Háskóla Íslands opnaði margar og fjölbreyttar leiðir inn í atvinnulífið. Ég lagði aðaláherslu á aðferðafræði sem og afbrotafræði í námi en aðferðafræðin hefur nýst mér einna best í starfi mínu hjá Hagstofu Íslands. Þar starfa ég við hönnun og framkvæmd úthringi- og vefrannsókna sem og í annarri úrvinnslu sem fellur til í starfi. Þjálfun og menntun á allri umsýslu við rannsóknir lagði góðan grunn að sértækri þekkingu og kunnáttu, hvort sem nýttar eru megindlegar eða eigindlegar aðferðir. Félagsfræðin kennir manni nýjar og fjölbreyttari leiðir í samskiptum, rannsóknum og framsetningu á niðurstöðum sem oft gefa okkur annað sjónarhorn á umhverfið. Félagsfræðin er að mínu mati einnig góður grunnur fyrir annað framhaldsnám.“